

Eiríkur Rögnvaldsson:

Af starfi Verkefnisstjórnar í íslensku á vegum Lýðveldissjóðs

Hér skal haldið áfram annál Verkefnisstjórnar, sem birst hefur í þremur af síðustu tölublöðum *Skímu* (38., 39. og 41. blaði). Ástæðulaust er að rekja forsögu málsins hér, og vísast til fyrri skrifa.

Ritstjórar handbókanna þriggja um meginsvið íslensks máls hafa haldið áfram starfi sínu; Guðrún Kvaran að handbók um íslenska beygingar- og orðmyndunarfræði, Halldór Ármann Sigurðsson að handbók um íslenska setningafræði, og Kristján Árnason að handbók um íslenska hljóðfræði og hljóðkerfisfræði. Vonast er til að nú um áramótin verði bækurnar komnar vel á veg, og í lok næsta árs á texti þeirra að vera til í heild, þannig að unnt verði að nýta árið 1999 til endanlegs yfirllesturs, frágangs, samræmingar o.þ.h.

Fyrir baknefndarfund sem haldinn var um miðjan október var stuttum köflum úr bókunum dreift til baknefndarmanna og þeir ræddir á fundinum. Baknefndarmenn voru síðan beðnir að senda Verkefnisstjórn skriflegar athugasemdir við kaflana, og á grundvelli þeirra er ætlunin að Verkefnisstjórnin semji ítarlega umsögn handa hverjum höfundi sem rædd verði á fundi. Mikilvægt er að ábendingar um málsnið og efnistöð komi fram á þessu stigi svo að ritstjórar geti tekið tillit til þeirra í framhaldinu.

Eins og fram kom í síðustu *Skímu* beið Verkefnisstjórn með að hrinda af stað undirbúningi að samningu kennsluefnis uns hugmyndir um nýja námskrá færu að skýrast. Í júní skilaði forvinnuhópur um námskrá í móðurmáli tillögum sínum, og tók Verkefnisstjórnin þær til skoðunar þegar í stað. Eftir talsverðar umræður var ákveðið að fá fjóra framhaldsskólakennara til að vera verkefnisstjórn til ráðgjafar við samningu endanlegrar verklýsingar um gerð kennsluefnis í móðurmáli handa framhaldsskólum, og hafa þar m.a. hliðsjón af tillögum forvinnuhópsins og hugmyndum sem Verkefnisstjórnin hafði sett fram.

Í þennan hóp völdust Ásmundur Sverrir Pálsson, Fjölbrautaskóla Suðurlands; Kristín M. Árnadóttir, Verkmenntaskólanum á Akureyri; Sveinn Yngvi Egilsson, Menntaskólanum í Reykjavík; og Þuríður J. Jóhannsdóttir, Menntaskólanum við Hamrahlíð. Þau hittust fyrst á fundi ásamt Verkefnisstjórn um miðjan október og hafa síðan unnið að þessu verki, en áætlað er að þau skili af sér snemma á næsta ári. Á útmánuðum er svo vonast til að hægt verði að ýta úr vör þeim verkum sem þau gera tillögur um.

Um þriðja meginverkpáttinn á könnu Verkefnisstjórnar, alfræðiefni á geisladiski, skrifar Þórunn Blöndal hér annars staðar í blaðinu.